

**Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-ágúst 2012**

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs fyrir fyrstu átta mánuði ársins 2012 liggur nú fyrir. Handbært fé frá rekstri batnaði á milli ára og var neikvætt um 33,7 ma.kr. samanborið við 54,4 ma.kr. á sama tímabili 2011. Tekjur reyndust 40,8 ma.kr. hærrí en í fyrra á meðan að gjöldin jukust um 12,4 ma.kr. milli ára. Þetta er betri niðurstaða en gert var ráð fyrir í áætlunum þar sem gert var ráð fyrir að handbært fé frá rekstri yrði neikvætt um 61,8 ma.kr. Hluti af því fráviki skýrist með því að raundreifing gjalda og tekna hefur verið önnur en gert var ráð fyrir. Inni í heimildum er jafnframt búið að taka tillit til fjárheimildastöðu frá fyrra ári.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-ágúst 2012 (m.kr.)

	<u>2008</u>	<u>2009</u>	<u>2010</u>	<u>2011</u>	<u>2012</u>
Innheimtar tekjur	294.326	276.404	302.253	292.018	332.834
Greidd gjöld	281.885	346.684	354.290	350.114	362.557
Tekjujöfnuður	12.441	-70.280	-52.036	-58.096	-29.442
Breyting rekstrartengdra eigna og skulda	4.191	-8.420	-13.184	3.683	-3.990
Handbært fé frá rekstri	16.633	-78.700	-65.220	-54.413	-33.713
Fjármunahreyfingar	8.538	11.983	-31.941	54.606	-29.042
Hreinn lánsfjárfjöfnuður	25.171	-66.717	-97.161	193	-62.755
Afborganir lána	-38.129	-72.740	-136.258	-126.967	-208.004
Innanlands	-22.662	-72.740	-72.782	-56.116	-52.883
Erlendis	-15.467	0	-63.476	-70.851	-155.121
Greiðslur til LSR og LH	-2.640	0	0	0	0
Lánsfjárfjöfnuður brúttó	-15.598	-139.457	-233.419	-126.774	-270.759
Lántökur	147.531	169.889	267.934	208.844	197.532
Innanlands	85.647	162.540	137.085	83.965	76.402
Erlendis	61.884	7.348	130.849	124.879	121.130
Breyting á handbæru fé	131.933	30.432	34.515	82.070	-73.227

Innheimtar tekjur ríkissjóðs á fyrstu átta mánuðum ársins jukust um 13,9% á milli ára og námu alls 332,2 mia.kr. Í tekjuáætlun fjárlaga var gert ráð fyrir tekjum að fjárhæð 309,9 mia.kr. og er innheimtan því 22,9 mia.kr. eða 7,2% yfir áætlun. Þessu mikla fráviki ber þó að taka með ákveðnum fyrirvara þar sem arðgreiðslur hafa innheimst fyrr en reiknað var með auk þess sem nokkuð hefur innheimst af óreglulegum tekjum sem ekki var áætlað fyrir en nánar verður vikið að þeim síðar eftir því sem tilefni er til. Ef leiðrétt er fyrir þessum atriðum nemur innheimta á fyrstu átta mánuðum ársins 323,4 mia.kr. sem er 12,9 mia.kr. eða 4,1% yfir áætlun.

Skatttekjur og tryggingagjöld námu 306,6 mia.kr. á tímabilinu sem er 12,7% aukning á milli ára og 5,9% yfir tekjuáætlun. Þar af jókst tekjuskattur einstaklinga um 10,2% á milli ára og



nam 64,5 mia.kr. sem er 5,7% yfir áætlun. Samanlögð skil launagreiðenda á tekjuskatti og útsvari af launum á fyrstu 7 mánuðum ársins jukust um tæplega 10% á milli ára og því ljóst að skattstofn tekjuskatts hefur styrkst umtalsvert að undanfögnu sem m.a. má rekja til kjarasamninga sem tóku gildi síðasta sumar. Frávik í innheimtu tekjuskatts frá áætlun má annars vegar rekja til þess að launahækkningar hafa reynst nokkru meiri en gert var ráð fyrir í forsendum fjárlaga og hins vegar til þess að úttektir séreignarsparnaðar hafa reynst meiri en reiknað var með. Fjármagnstekjuskattur nam 20,4 mia.kr. sem er 22,4% lægri fjárhæð en á síðasta ári og 7,4% undir áætlun. Þetta neikvæða frávik, sem að hluta til má rekja til óvenju mikilla endurgreiðslna til lögaðila á árinu, gefur þó ekki endilega vísbendingu um þróun innheimtunnar á árinu í heild þar sem hún er mjög sveiflukennd á milli mánaða. Þá er einnig viðbúið að minni innheimta nú hafi í för með sér minni endurgreiðslur síðar sem að öðru óbreyttu mun leiða til þess að frávik ársins minnkar.

Tekjur ríkissjóðs janúar-ágúst 2010-2012

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2010	2011	2012	2010	2011	2012
Skatttekjur og tryggingagjöld	262.784	272.184	306.619	7,7	3,6	12,7
Skattar á tekjur og hagnað	90.610	94.677	105.315	-11,1	4,5	11,2
Tekjuskattur einstaklinga	57.944	58.466	64.458	8,7	0,9	10,2
Tekjuskattur lögaðila	8.107	9.934	20.467	-23,4	22,5	106,0
Skattur á fjármagnstekjur	24.559	26.277	20.389	-35,4	7,0	-22,4
Eignarskattar	3.342	4.018	7.786	6,2	20,2	93,8
Skattar á vöru og þjónustu	120.689	121.446	138.963	13,5	0,6	14,4
Virðisaukaskattur	80.241	79.105	90.606	10,6	-1,4	14,5
Vörugjöld af ökutækjum	1.056	1.757	2.867	-22,0	66,3	63,2
Vörugjöld af bensíni	7.733	7.731	7.936	11,4	-0,0	2,7
Skattar á olíu	3.954	3.987	4.364	6,4	0,8	9,5
Áfengisgjald og tóbaksgjald	9.902	10.219	10.980	8,4	3,2	7,5
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	17.803	18.648	22.210	40,7	4,7	19,1
Tollar og aðflutningsgjöld	3.806	4.271	4.789	23,3	12,2	12,1
Aðrir skattar	4.609	4.793	6.647	15,8	4,0	38,7
Tryggingagjöld	39.728	42.979	43.118	55,9	8,2	0,3
Fjárframlög	430	556	564	19,6	29,4	1,4
Aðrar tekjur	20.645	18.932	24.339	-35,5	-8,3	28,6
Sala eigna	19.487	494	1.311	-	-	-
Tekjur alls	303.346	292.167	332.834	9,6	-3,7	13,9

Tekjuskattur lögaðila nam 20,5 mia.kr. sem er 10,2 mia.kr. yfir áætlun. Hluta þessa fráviks má rekja til uppgjöra fyrri ára sem höfðu í för mér sér 3,8 mia.kr. viðbótartekjur á tímabilinu, en slík uppgjör geta ýmist leitt til inn- eða útgreiðslna fyrir ríkissjóð. Ef litið er framhjá áhrifum eldri uppgjöra nam tekjuskattur lögaðila 16,7 mia.kr. sem er 6,4 mia.kr. yfir áætlun. Þetta frávik er vissulega stórt en viðbúið er að það minnki á síðustu mánuðum



ársins. Ástæðan er sú að dreifing áætlunar um innheimtu tekjuskatts lögaðila niður á einstaka mánuði kann að vera afturhlaðin í þeim skilningi að hún byggist á því að talsvert hátt hlutfall ársinnheimtunnar innheimtist á síðustu tveimur mánuðum ársins eins og gerðist á síðastliðnu ári. Álagning á lögaðila fer ekki fram fyrr en í október nk. og þá ákvarðast þær viðbótargreiðslur sem lögaðilar greiða til ríkissjóðs í nóvember og desember. Breytilegt getur verið milli ára hversu stór hluti af tekjum ársins innheimtist í fyrirframgreiðslum á tímabilinu janúar-september, og því kann verulegt frávík frá áætlun innan ársins að vera til merkis um breytta innheimtudreifingu að einhverju leyti.

Tryggingagjald jókst um 0,3% á milli ára og nam 43,1 mia.kr. sem er 1 mia.kr. yfir áætlun. Athygli vekur að innheimtan hefur aukist á milli ára þrátt fyrir að tryggingagjaldsprósentan hafi lækkað úr 8,65% í 7,79%. Ástæðan er sú að heildarlaunastofninn í janúar-júlí er rúmlega 10% hærrí í ár en í fyrra sem er nokkru meiri vöxtur en reiknað var með við gerð tekjuáætlunar.

Tekjur af eignarsköttum námu 7,8 mia.kr. sem er 0,5 mia.kr. yfir áætlun. Ef litið er framhjá 1,4 mia.kr. greiðslu frá lífeyrissjóðum vegna sérstakrar vaxtaniðurgreiðslu, sem flokkuð er sem eignarskattur, er innheimta eignarskatta 0,9 mö.kr. undir áætlun. Þar munar mest um 0,5 mia.kr. minni innheimtu auðlegðarskatts en reiknað var með. Sérstaka greiðslan frá lífeyrissjóðum er vegna ársins 2011 og var gjalddagi hennar í lok árs 2011 en eindagi mánuði síðar. Af þeim sökum var ekki gert ráð fyrir þeirri greiðslu í tekjuáætlun 2012.

Tekjur af sköttum á vöru og þjónustu jukust um 14,4% á milli ára og námu 139,0 mia.kr. sem er 3,5 mia.kr. yfir áætlun. Frávikið má að mestu rekja til meiri tekna af virðisaukaskatti og vörugjöldum af ökutækjum því aðrir liðir óbeinna skatta eru nokkurn veginn í takt við áætlun. Ef litið er til fjögurra mánaða meðaltals nemur uppsöfnuð hækkun innheimtra tekna af sköttum á vöru og þjónustu 7,6% umfram verðlagsbreytingar. Tekjur af virðisaukaskatti, sem vegur þyngst meðal óbeinna skatta, námu 90,6 mia.kr. sem er 1,9 mia.kr. yfir áætlun og hafa þar með aukist um 14,5% á milli ára. Tekjur af virðisaukaskatti eru nokkuð sveiflukenndar, m.a. vegna endurgreiðslna innskatts, og tölur fyrir einstaka mánuði vart marktækar í samanburði við áætlanir. Tímabilið allt frá upphafi árs er þó orðið ágætlega samanburðarhæft við áætlanir og fyrri ár. Skattskyld velta hefur verið að ná sér á strik og jókst um 5,8% að raunvirði á fyrri helmingi ársins.

Tekjur af vörugjöldum af ökutækjum hafa aukist verulega á milli ára eða um 63,2% sem endurspeglar stóraukinn innflutning bifreiða. Aukinn innflutningur bílaleigubifreiða á stóran þátt í aukningunni. Innheimtan nemur 2,9 mia.kr. sem er 0,9 mia.kr. yfir áætlun. Bensín- og olíugjöld námu samtals 12,3 mia.kr. á fyrstu átta mánuðum ársins sem er 0,3 mia.kr. undir tekjuáætlun. Þar af eru vörugjöld af bensíni um 0,5 mia.kr. undir áætlun á meðan olíugjald er 0,2 mia.kr. yfir áætlun. Áfengis- og tóbaksgjöld jukust um 7,5% á milli ára og námu 11,0 mia.kr. sem 0,3 mia.kr. yfir áætlun. Það frávík má alfarið rekja til meiri tekna af áfengisgjaldi því tóbaksgjald er á áætlun. Tölur um sölu áfengis sýna að skattstofn gjaldsins hefur aukist um 1,3% á milli ára. Tölur um tóbakssölu sýna aftur á móti að stofn tóbaksgjalds hefur lækkað lítillega á milli ára. Þær tölur benda einnig til þess að



tóbaksneytendur færi sig í auknum mæli úr sígarettum og vindlum yfir í ódýrari valkosti, þ.e. reyktóbak og neftóbak. Þannig hefur magn seldra vindla og vindlinga (sígarettur) dregist saman á meðan magn neftóbaks og reyktóbaks hefur aukist.

Aðrar tekjur jukust um tæplega þriðjung á milli ára og námu alls 24,3 ma.kr. sem er 4,3 mia.kr. yfir áætlun. Það frávik má að mestu rekja til arðgreiðslna frá Landsvirkjun og Seðlabankanum auk 1 ma.kr. söluhagnaðar vegna gjaldeyrisútboða Seðlabankans sem haldin voru sumarið 2011 og á þessu ári. Ekki hafði verið gert ráð fyrir þessum tekjum nema að litlu leyti í tekjuáætlun fyrir fyrstu átta mánuði ársins.

Greidd gjöld námu 362,6 ma.kr. og jukust eins og áður segir um 12,4 ma.kr. frá fyrra ári, eða um 3,6%. Greidd gjöld voru um 9,1 ma.kr. innan fjárheimilda tímabilsins eða 2,5%. Útgjöld til málaflokka breyttust mismikið milli ára, en frekari greining á frávikum hvers málaflokks er að finna hér að neðan.

Vaxtagjöld ríkissjóðs jukust um 6,2 ma.kr. milli ára sem var í samræmi við áætlanir. Útgjöld til almennrar opinberrar þjónustu jukust um 387 m.kr. en voru 3,3 ma.kr. innan fjárheimilda tímabilsins sem skýrist að mestu með annarri dreifingu útgjalda en gert var ráð fyrir. Útgjöld til almannatrygginga og velferðarmála drógust saman um 3,4 ma.kr. milli ára og voru jafnframt tæpan 1 ma.kr. innan heimilda. Breytingin milli ára skýrist að langstærstu leyti með greiðslu vaxtabóta sem voru 3,6 ma.kr. lægri en á síðasta ári og 2,2 ma.kr. innan heimilda. Þá drógust greiðslur til Atvinnuleysistryggingasjóðs saman um 1,8 ma.kr. milli ára en voru tæpan 1 ma.kr. umfram áætlanir. Barnabætur drógust saman um 321 m.kr. milli ára og greiðslur Fæðingaorlofssjóðs um 389 m.kr. Á móti jukust greiðslur vegna Lífeyristrygginga um 1,1 ma.kr. milli ára og voru 1,5 ma.kr. umfram heimildir og bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð um 1 ma.kr. og voru 483 m.kr. umfram heimildir, en áhrif kjarasamninga síðasta árs hafa þarna mikil áhrif.

Útgjöld til heilbrigðismála jukust um 3,7 ma.kr. milli ára en voru 723 m.kr. innan heimilda. Útgjöld Landspítala jukust um 1,6 ma.kr. milli ára og jafnframt 1,9 ma.kr. umfram það sem gert var ráð fyrir sem skýrist að öllum líkindum með annarri dreifingu raunútgjalda en gert var ráð fyrir. Þá jukust útgjöld vegna Sjúkratrygginga um 502 m.kr. milli ára og útgjöld Framkvæmdasjóðs aldriðra um 1,1 ma.kr. Útgjöld til efnahags- og atvinnumála jukust milli ára um 852 m.kr. en voru 3,3 ma.kr. innan heimilda sem skýrist að mestu með stöðu ýmissa sjóða og safnliða sem gert er ráð fyrir að ráðstafa á seinni hluta ársins. Útgjöld Vegagerðarinnar voru 561 m.kr. hærrí en á sama tímabili 2011 og voru jafnframt umfram heimildir um svipaða upphæð. Útgjöld til menntamála voru 2,1 ma.kr. hærrí en á sama tímabili í fyrra en 1,2 ma.kr. innan fjárheimilda tímabilsins. Útgjöld vegna framhaldsskóla jukust um 982 m.kr. milli ára en voru 614 m.kr. innan heimilda. Útgjöld Háskóla Íslands jukust um 344 m.kr. milli ára en voru 658 m.kr. innan heimilda. Útgjöld til menningar-, íþróttá- og trúmála voru 236 m.kr. hærrí en á sama tímabili í fyrra en voru 759 m.kr. lægri en fjárheimildir tímabilsins gerðu ráð fyrir.



Útgjöld til löggæslu, réttargæslu og öryggismála jukust um 1,9 ma.kr. milli ára en voru lítillega innan heimilda tímabilsins. Aukningin milli ára skýrist að stærstum hluta með útgjöldum Landhelgisgæslunnar sem aukast um 672 m.kr. milli ára og eru jafnframt 301 m.kr. umfram heimildir. Þá aukast útgjöld Sérstaks saksóknara um 216 m.kr., Lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu um 236 m.kr. og Héraðsdómstóla um 104 m.kr. Útgjöld Ofanflóðasjóðs aukast um 280 m.kr. milli ára en eru 744 m.kr. innan heimilda tímabilsins. Útgjöld til umhverfisverndar eru 233 m.kr. hærri í ár en á sama tíma í fyrra en voru 94 m.kr. innan áætlana. Útgjöld Umhverfisstofnunar aukast um 48 m.kr. milli ára og útgjöld Vatnajökulspjóðgarðs um 92 m.kr. Úrvinnslusjóður er 201 m.kr. innan heimilda en útgjöld hans aukast um 49 m.kr. milli ára. Þá eru útgjöld Endurvinnslunnar 51 m.kr. innan heimilda en aukast um 44 m.kr. milli ára. Útgjöld til Varnarmála drógust saman um 385 m.kr. og voru jafnframt 308 m.kr. innan heimilda tímabilsins. Útgjöld til húsnæðis- skipulags- og veitumála drógust lítillega saman milli ára eða um 119 m.kr. og voru jafnframt lítillega innan heimilda. Óregluleg útgjöld jukust um 743 m.kr. milli ára og voru jafnframt 2 ma.kr. umfram fjárheimildir. Útgjöld vegna lífeyrisskuldbindinga voru 670 m.kr. hærri en á síðasta ári og jafnframt 1,6 ma.kr. hærri en gert hafði verið ráð fyrir. Þá var greiddur fjármagnstekjuskattur 350 m.kr. hærri en gert hafði verið ráð fyrir en var svipaður og á sama tímabili í fyrra.

Gjöld ríkissjóðs janúar-ágúst 2010-2012

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2010	2011	2012	2011	2012
Almenn opinber þjónusta	81.392	77.782	84.341	-4,4	8,4
þar af vaxtagreiðslur	52.250	47.477	53.650	-9,1	13,0
Varnarmál	923	999	614	8,2	-38,5
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	11.779	12.225	14.077	3,8	15,2
Efnahags- og atvinnumál	38.342	34.049	34.901	-11,2	2,5
Umhverfisvernd	3.021	3.126	3.359	3,5	7,5
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	430	271	151	-37,0	-44,1
Heilbrigðismál	73.726	74.197	77.936	0,6	5,0
Menningar-, íþrótt- og trúmál	10.841	10.712	10.948	-1,2	2,2
Menntamál	34.156	32.280	34.401	-5,5	6,6
Almannatryggingar og velferðarmál	89.438	97.092	93.702	8,6	-3,5
Óregluleg útgjöld	10.242	7.381	8.124	-27,9	10,1
Gjöld alls	354.290	350.114	362.557	-1,2	3,6



Lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs

Hreinn lánsfjárjöfnuður var neikvæður um 62,8 ma.kr. á fyrri helmingi ársins en á sama tíma í fyrra var hann í jafnvægi.

Afborganir af lánum ríkissjóðs námu 208 ma.kr., þar af voru 155,1 ma.kr. vegna erlendra lána. Ríkissjóður nýtti lánsloforð frá Norðurlöndunum í árslok 2011 fyrir sem svarar 103 ma.kr. og notaði af því 44,6 ma.kr. til endurgreiðslu lána Norðurlanda í mars. Þá greiddi ríkissjóður upp erlent lán sem var á gjalddaga í apríl að jafnvirði 27,7 ma.kr. og greiddi enn niður lán Norðurlanda í júní fyrir um 78 ma.kr. á móti erlendri lántöku í júní s.l. Aðrar erlendar afborganir námu 4,8 ma.kr. Innlendar afborganir námu 52,9 ma.kr., þar af nam innlausn markflokks ríkisbréfa á gjalddaga í ágúst 49,3 ma.kr.

Lántökur námu 197,5 ma.kr. á tímabilinu, þar af voru 76,4 ma.kr. gefnir út innanlands. Gefin voru út ríkisbréf fyrir um 63,5 ma.kr., þar af verðtryggð ríkisbréf fyrir um 25,7 ma.kr. og óverðtryggð fyrir um 37,8 ma.kr. Einnig voru gefin úr ríkisbréf vegna SpKef fyrir 19,2 ma.kr. í sérstökum flokki ríkisbréfa. Önnur útgáfa ríkissjóðs á tímabilinu nam 5,2 ma.kr. Stofn ríkisvixla lækkaði á móti um 11,6 ma.kr. Í maí gaf ríkissjóður út skuldabréf að fjárhæð 1 milljarði Bandaríkjadala, að jafnvirði 124,5 milljörðum króna. Endurmat gjaldeyrisreikninga var neikvætt um 3,4 ma.kr.